

Formaður, fundarstjóri vinir mínir og félagar

Ég er hingað komin til að kveðja.

Ég vil þakka fyrir mig.

Ég vil þakka sjálfstæðismönnum í norðausturkjördæmi sem voru tilbúnir til að veðja á Reykvíking í prófkjöriinu 2007 – sjálfstæðismönnum í Reykjavík sem ákváðu að taka á móti mér árið 2009 – og ykkur – landsfundarfulltrúum fyrir að hafa sýnt með það traust að trúa mér fyrir stól varaformanns í flokknum. Fyrir það er ég þakklát.

Ég ætlaði að vera hér svo miklu, miklu lengur og ganga áfram með ykkur götuna fram að bjartari tímum í sögu þessa lands – sögu sem verður vörðuð bjartsýni og uppbyggingu – þar sem við Íslendingar munum hlúa að nýgræðingnum um leið og við horfum langt fram á veginn til þess þjóðfélags sem við viljum móta hér.

En enginn á nokkru sinni að halda að hann hafi eða eigi að hafa fulla stjórn á elfur lífsins. Það eru fleiri kraftar en minn eða þinn sem stýrir framvindu okkar. Lífið sjálft tekur völdin. Við setjum okkur öll markmið – keppum að þeim og það þarf að vanda sig við öll þau verk sem okkur eru falin. Þegar öllu er á botninn hvolft – alveg sama í hvaða stól hver er – þá er ekkert mikilvægara en hagar fjölskyldunnar – velferð hennar og framtíð – sem er í raun stefna Sjálfstæðisflokksins.

Ég held að það sé okkur öllum hollt að líta aldrei á neitt sem gefið. Við eigum að vera opin fyrir öðru en því sem við er að fást á hverjum tíma. Ég ætla samt að segja við ykkur að það hefur reynst mér í vetur allt að því sársaukafullt að slíta mig í burtu frá ykkur og því sem framundan er á vettvangi stjórnmalanna og Sjálfstæðisflokksins.

Nú er ég farin að skrifa ótæplega um fjölskylduna og um það að flytja með börn og hálffullorðið fólk til útlanda á vefsíðu mína – englunum mínum fjórum til mismikillar ánægju. Ég hef aldrei talað jafnmikið um uppvas og þvottavélar – börnin horfa forviða á – en láta allt yfir sig ganga eins og vant er þegar mamma er annars vegar. Þau bíða róleg eftir að hún komi sér á bólakaf á ný í önnur verkefni.

Góðu vinir

Flokkurinn okkar stendur á tímamótum. Eftir erfitt kjörtímabil horfum við bjartsýn fram að kjördegi og vinnum að því að stefna okkar og hugsjónir fái gott brautargengi. Öllu skiptir að lausnir Sjálfstæðisflokksins verði ráðandi við stjórn landsins á komandi árum. Ég er sannfærð um að með okkar skýru stefnu að leiðarljósi, undir traustri forystu og með okkar breiðfylkingu að baki henni munum við uppskera vel í komandi kosningum. Ef við gætum þess að tala af ábyrgð og festu um hlutina, ef við vörumst gylliboð og skyndilausnir, ef við tölum hreint út um að stundum verði þungt undir fæti, mun smám saman birta til. Fyrirtækin öðlast aftur trú á frekari fjárfestingar, heimilin finna að krónunum fjölgar í buddunni og kaupmáttur eykst, skuldir lækka og nýir vaxtabroddar skjóta rótum um land allt.

Þetta gerist með traustum aðgerðum á sviði efnahagsmála sem snúa að því að byggja undir hagvöxt í landinu, skapa svigrúm fyrir erlenda fjárfestingu og styrkja gjaldeyrisöflun og síðast en ekki síst með því að lækka skatta á fyrirtæki og heimili. Við megum engan tíma missa við að brjótast út úr þeim

hörmungar haftabúskap sem hér hefur náð undirtökum í stöðugt hertum reglum Seðlabankans sem bitna mest á venjulegum íslenskum fjölskyldum sem sig hvergi geta hreyft.

Vinir mínir.

Verkefnin sem bíða eru mörg og stór en ekkert þeirra er mikilvægara en að tryggja stöðu heimilanna – Ég ítreka mikilvægi þess að skattar verði lækkaðir á heimilin.

Mikilvægasta aðgerðin til að mæta vanda heimilanna og auka slagkraft þeirra er á sviði atvinnusköpunar og skattalækkana.

Hvað eru almennar aðgerðir? Hvaða aðgerð getur verið almennari en sú að byggja undir hagvöxt? Hvaða aðgerð getur verið almennari en sú að auka kaupmátt og hvaða aðgerð getur verið almennari en sú að lækka tekjuskatt á heimili og fyrirtæki.

Við þurfum að lækka skatta.

Ágætu landsfundarfulltrúar,

En það er fleira. Við verðum að huga vel að opinberri umræðu. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók við völdum undir trumbuslætti og mótmælaöldu. Reiðin var mikil í upphafi árs 2009 og stór orð voru látin falla um menn og málefni. Jóhanna leyfði sér reyndar í stefnuræðu vorið 2009 að setja upp leikrit fáránleikans um að hennar nýja ríkisstjórn væri boðberi nýrra vinnubragða, sátta og samlyndis. Þegar litið er til baka er það allt að því ósvífið að hún skyldi hafa látið slík orð falla enda hefur þetta kjörtímabil litast af harkalegri umræðu, ofstæki og síðast ekki síst ofsóknum eins og við þekkjum af aðförinni að okkar fyrrverandi formanni í Landsdómsmálinu. Þeirra skömm er ævarandi.

Því miður virðist ekkert lát á þessu. Ég hef áhyggjur af vaxandi persónulegum árásum og á köflum heift í opinberri umræðu hér á landi.

Það virðist vera orðið viðurkennt sums staðar að minnsta kosti að það sé sjálfsagt að svara gagnrýni með upphrópunum og oft á tíðum óþarfa árásum á fólk.

Bloggið er á margan hátt merkilegur miðill. Nú er ég að rannsaka það töluvert – ekki síst eftir að ég byrjaði að skrifa þar sjálf og um aðra hluti en stjórnsmál. Áberandi er að orðfærið sem viðgengst á sumum bloggmiðlum virðist einskorðað við stjórnsmálsmenn og opinberar persónur.

Það er vissulega rétt að þeir sem eru í kastljósi fjölmiðla eiga svo sannarlega von á því að fá á sig gagnrýni af ýmsum toga og þeir eiga ekki að veigra sér undan því. Það er hluti af starfi stjórnsmálamannsins. En þegar það er nánast stanslaust ráðist á nafngreinda einstaklinga með ljótu orðfæri og meiðandi ummælum er of langt gengið. Við eigum ekki og getum aldrei sætt okkur við þann sóðaskap sem viðgengst og við eigum að grípa til varna – og segja hingað og ekki lengra. Við höfum séð hvernig ítrekað hefur verið ráðist með svívirðingum að félögum okkar. Við höfum séð hvernig látlaust er barið á formanni okkar, Bjarna Benediktssyni í ákveðnum fjölmiðlum með óvægnum og ósanngjörnum hætti. Við eigum öll að andæfa og fylkja okkur að baki formanni okkar sem hefur það vandasma verk ásamt öðrum í forystu flokksins að leiða hann í gegnum kosningar. Við skulum átta okkur á því að árásir á hann - eru árásir á okkur – árásir á Sjálfstæðisflokkinn.

Mér ofbýður þetta og ég vil ekki - og neita - að sætta mig við að svona eigi hlutirnir að vera.

Það er eðlilegt og raunar nauðsynlegt að setja fram gagnrýni á fólk út frá málefnalegum rökum og með siðuðum hætti. En við sjálfstæðismenn skulum aldrei láta það viðgangast að umræðan sé færð niður á plan persónuleg árása og rógs. Við verðum að vera yfir slíkt hafin og við skulum svara þessu með því að gera nákvæmlega það, beita rökum og halda okkur við efni máls.

Það er mikil hætta fólgin í því að hleypa opinberri umræðu ofan í slíkar skotgrafir sem við höfum hér orðið vitni að. Og já, þótt að mörgum ykkar finnst eflaust að ég eigi ekki að tala um kommentakerfi, samskiptamiðla og blogg síður þá vil ég gera það af því að þetta hefur áhrif á hvernig umræðan hér þróast. Hættan er nefnilega sú að þessi þróun dragi úr vilja fólks til að setja skoðanir sínar fram og standa fyrir þeim á opinberum vettvangi. Að fólk hreinlega veigri sér við því að blanda sér í opinbera umræðu. Við kjörnir fulltrúar á Alþingi erum ýmsu vanir og ekki síst undir lok þessa kjörtímabils. En við þurfum miklu breiðari umræðu hér um einstök mál og sú umræða má ekki einskorðast við kjörna fulltrúa Alþingis og sveitarstjórna. Við þurfum breiða þjóðfélagslega umræðu um þjóðfélagsmál og það má ekki verða þannig að venjulegu fólki finnist hreinlega ekki borga sig að taka þátt í henni.

Þess vegna segi ég við ykkur góðu félagar að við skulum öll gæta að okkur og tala skynsamlega við og um andstæðinga okkar og berjast á móti þeim sem telja hag sinn felast í því að ráðast á náungann með árásum og dylgjum..

#### Landsfundargestir

Við Íslendingar erum ung þjóð, við höfum verið sjálfstæð í einn mannsaldur. Við erum enn að gera mistök og hægt og varlega erum við að þróa stjórnarfar okkar. Stjórnaskráin hefur reyndar tekið fjölmörgum breytingum í gegnum tíðina og hún heldur áfram að þróast - en við kollvörpum henni ekki. Ég hafna öllum vanhugsuðum breytingum á stjórnarskrá og ég mun berjast til síðasta manns gegna þessum furðuhugmyndum Jóhönnu Sigurðardóttur og kó um skemmdarverk á grunnstoðum þjóðarinnar.

Í árdaga íslenska lýðveldisins sagði þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins Ólafur Thors:

„Okkur er vel ljóst, að aldrei hefur meiri vandi beðið okkar né jafn mikið í húfi. - En við kvíðum þó engu. Við vitum vel, að saga okkar er ekki fyrst og fremst sigrar heldur barátta og þrautir. Með festu og alvöru viljum við enn takast á hendur ábyrgðina og þar með erfiðinu, sem fram undan er. - Við minnumst þess, að með hverjum nýjum sigri í sjálfstæðisbaráttunni hefur þjóðinni vaxið þrek og djörfung og treystum því að sú muni raunin enn verða. Og við vonum að bera gæfu til að eyða misklíðinni og skipa okkur sem allra flestir í lífvarðarsveit hins unga íslenska lýðveldis.“

Það er hlutverk Sjálfstæðisflokksins, að eyða misklíðinni, sýna Íslendingum að saman getum við aukið hagsæld, að standa saman í þágu allra Íslendinga og í þágu allra heimila. Við sjálfstæðismenn treystum fólkinu í landinu en andstæðingar okkar byggja allt sitt á tortryggni, sundurþykkju og vantrausti. Við höfnum sundurslyndisfjandanum en trúum á samstöðu þjóðarinnar. Við sjálfstæðismenn vitum að þjóð sem reynir að skattleggja sjálfa sig út úr efnahagslegum þrengingum nær ekki árangri frekar en maðurinn sem stendur í fótunni og reynir að lyfta sjálfum sér upp með því að toga í handfangið.

En fyrst og fremst erum við sjálfstæðismenn fullir bjartsýni enda sjáum tækifærin í hverju horni, ólíkt vinstri mönnum sem fullir svartýni sjá hættur í öllum tækifærum.

Við sjálfstæðismenn þekkjum styrkleikann í því að sameinast sem eitt – jafnvel þótt ekki séu allir sammála. Þannig höfum við haft það hér í okkar flokki. Við erum ekki endilega sammála um allt – og þurfum alls ekki að vera það – en við deilum grundvallarlífsskoðunum og í krafti þeirra sækjum við fram. Þar liggur styrkleiki og breidd Sjálfstæðisflokksins – því skulum við aldrei gleyma.

Við sem hér erum, og þúsundir sjálfstæðismanna út um land allt, höldum áfram að sækja fram, við berjumst fyrir réttlátu samfélagi og við vitum að framundan er betri tíð með blóm í haga. Við ætlum að horfa fram á veginn, vinna þjóðinni gagn og búa þannig í haginn að unga fólkið í landinu geti gert markvissar áætlanir með framtíð sína hér á landi.

Ég þakka aftur fyrir þann stuðning sem þið hafið sýnt mér síðustu ár og um leið vil ég óska nýrri forystu flokksins velfarnaðar og alls hins besta. Við skulum öll fylkja okkur að baki þeim og við skulum öll taka upp kyndilinn og lýsa veginn fyrir þjóðina.

Takk fyrir allt, kæru vinir. Ég færi mig yfir í bakvarðasveitina.